

Stöðugreining hjúkrunarheimila á Suðurlandi

Uppfærsla framkvæmd 2022 af Samtökum sunnleuskra sveitarfélaga



Maí 2022

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 3 |
| Samantekt og niðurstöður..... | 4 |
| Hjúkrunar- og dvalarrými á Suðurlandi | 6 |
| Staða faglærðra starfsmanna hjúkrunarheimila | 6 |
| Þörf á endurbótum og nýbyggingum..... | 6 |
| Rekstrarstaða hjúkrunarheimila..... | 6 |
| Aðstæður heimila eftir svæðum | 7 |
| Árnessýsla | 7 |
| Rangárvallasýsla..... | 8 |
| Vestmannaeyjar | 8 |
| Vestur-Skaftafellssýsla..... | 9 |
| Austur-Skaftafellssýsla..... | 10 |
| Staða á biðlistum | 11 |
| Þarfagreining | 13 |
| Íbúápróun á landinu öllu..... | 13 |
| Íbúápróun á Suðurlandi | 14 |
| Reiknuð vistunarþörf fyrir hjúkrunarrými í dag..... | 15 |
| Viðauki..... | 16 |
| Stöðugreining hjúkrunarheimila á Suðurlandi 2015..... | 16 |
| Stöðugreining hjúkrunarheimila á Suðurlandi 2017..... | 16 |

Inngangur

Árið 2015 ákvað stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) að greina stöðu hjúkrunarheimila á Suðurlandi og var sú skýrsla jafnframt uppfærð í nóvember 2017. Það þótti nauðsynlegt þar sem opinberir aðilar og sveitastjórar höfðu kallað eftir uppfærðum upplýsingum um svæðið í heild og var ákveðið að bregðast við því ákalli. Ályktað hefur verið á ársþingum SASS um stöðuna um langt árabíl og var það meðal annars eitt helsta áhersluatriði ársþings samtakanna haustið 2021. Biðlistar eru langir, skortur er á hjúkrunarrýmum í landshlutanum, þörf er víða á miklum endurbótum og nýbyggingum auk þess sem rekstrarhalli er almennt viðvarandi vandamál.

Uppfært stöðumat var unnið af Lilju Einarsdóttur sveitarstjóra Rangárþings eystra og Sigríði Lind Þorbjörnsdóttur starfsmanni SASS. Upplýsingar um viðkomandi heimili voru m.a. fengnar með spurningakönnun sem lögð var fyrir forstöðumenn heimila í lok árs 2014. Árið 2017 var farið yfir hluta upplýsinganna aftur þar sem miklar breytingar höfðu orðið frá því upphaflega skýrslan var skrifuð. Vorið 2022 var ákveðið að fara ítarlega í gegnum upprunalegu skýrsluna til að varpa sem bestu ljósi á stöðu hjúkrunarheimila á Suðurlandi í dag, fengin var aðstoð frá Jóhönnu Valgeirsdóttur frá HSU um stöðuna á biðlistum, og kallað var eftir upplýsingum um stöðu hjúkrunarheimila frá forstöðumönnum þeirra. Stöðumatið byggir á upplýsingum sem fengnar voru á tímabilinu mars til maí 2022 frá forstöðumönnum heimilanna. Upplýsingar fengust frá öllum forstöðumönnum hjúkrunarheimila á Suðurlandi og er þeim þakkað fyrir að hafa veitt þær svo möguleiki væri á að uppfæra stöðugreiningu hjúkrunarheimila á Suðurlandi.

Samantekt og niðurstöður

Á Suðurlandi eru 258 hjúkrunarrými á 10 hjúkrunarheimilum. Þetta eru Sólvellir á Eyrarbakka, HSU á Selfossi, Ás í Hveragerði, Lundur á Hellu, Kirkjuhvoll á Hvolsvelli, Hjallatún í Vík, Klausturhólar á Klaustri, HSU og Hraunbúðir í Vestmannaeyjum og Skjólgarður á Höfn í Hornafirði. Þær rekstrarheimildir sem nú eru nýttar af þeim sem fluttar voru frá hjúkrunarheimilunum Kumbaravogi og Blesastöðum eru eftirfarandi:

| <i>Hjúkrunarheimili</i> | <i>Rekstrarheimild</i> |
|-------------------------|------------------------|
| <i>Sólvellir</i> | 3 |
| <i>Klausturhólar</i> | 1 |
| <i>Ás</i> | 5 |
| <i>Kirkjuhvoll</i> | 5 |
| <i>Lundur</i> | 2 |
| <i>HSU</i> | 2 |
| <i>Vestmannaeyjar</i> | |
| <i>Hsu Selfossi</i> | 2 |

Þessi 20 rými sem voru á Kumbaravogi og Blesastöðum reiknast með í heildartölu hjúkrunarrýma á Suðurlandi. Rekstur þeirra hefur verið framlengdur út árið 2022 og er þá gert ráð fyrir því að rekstrarheimildirnar færist yfir á hjúkrunarheimilið í Árborg.

Á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum eru 63 einstaklingar og 10 einstaklingar eru á bið eftir dvalarrýmum. Heildareftirspurn telur því 321 hjúkrunarrými í landshlutanum í dag. Munar þar um 63 hjúkrunarrými sem þörf er á til viðbótar til að uppfylla núverandi þörf íbúa á Suðurlandi eftir hjúkrunarrýmum. Hjúkrunarrými eru skilgreind sem rými ætluð fólki sem er of veikt til að búa heima með þeim stuðningi sem í boði er, s.s. heimaþjónustu, heimahjúkrun, dagvöl, eða búsetu í dvalarrými. Dvalarrými er fyrir þá sem ekki eru færir að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu. Þjónusta sem skal vera fyrir hendi í dvalarrýmum er m.a. varsla allan sólahringinn, öryggiskerfi í hverri íbúð og völ á fjölbreyttri þjónustu.¹

Nokkur þörf er á endurbótum og nýbyggingum. Þungur rekstur og áhrif af Covid-faraldrinum hefur dregið úr getu flestra heimilanna til að standa undir eðlilegu viðhaldi. Nokkur hjúkrunarheimili hafa sótt um styrk í Framkvæmdarsjóð aldraða.

Rekstur hjúkrunarheimila hefur verið erfiður á Suðurlandi líkt og í öðrum landshlutum. Nokkur sveitarfélög hafa skilað honum til ríkis, þar sem sum hafa þurft að borga hundruð milljóna með rekstrinum. Skv. lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 á ríkið að standa undir kostnaði af starfsemi hjúkrunarheimila en í flestum tilvikum hefur reksturinn verið falinn sveitarfélögum eða sjálfseignarstofnunum.


Mannfjöldaspá Hagstofunnar til næstu 10 ára eða til ársins 2032 sýnir fram á fjölgun um 30% í aldurshópnum 67 ára og eldri. Sé miðað við að eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum fylgi þeirri þróun er áætluð eftirspurn á Suðurlandi árið 2032 um 360 til 450 hjúkrunarrými. Staðreyndin er sú að fjölga þarf hjúkrunarrýmum um 100 til 190 á næstu 10 árum eða um 40%-70%. Að auki þarf að endurnýja stóran hluta rýma til að uppfylla kröfur samtímans og opinber viðmið um aðbúnað fyrir íbúa.

¹ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/lif-og-heilsa/oldrunarmal/oldrunarstofnanir/>

Stefna yfirvalda hefur verið á að fækka dvalarrýmum. Á Suðurlandi eru nú 10 einstaklingar á biðlista eftir dvalarrýmum. Töluverð eftirspurn hefur engu að síður verið eftir dvalarrýmum, sérstaklega meðal íbúa úr dreifbýli. Ástæða þess er í sumum tilvikum talin vera erfið skilyrði sökum mikillar fjarlægðar margra heimila frá þéttbýli. Bygging þjónustuíbúða er talin geta komið til móts við þarfir þessa fólks að einhverju leyti og aukin þjónusta í heimahúsum þar sem því verður við komið.

Hjúkrunar- og dvalarrými á Suðurlandi

Á Suðurlandi eru 258 hjúkrunarrými á 10 heimilum í landshlutanum. Þar af eru 8 biðrými, 8 sérstök rými eru fyrir heilabílaða á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi og 8 á Lundi á Hellu. Þar af eru einnig 39 geðhjúkrunarrými og eru þau öll á Ási í Hveragerði. Í landshlutanum eru 54 dvalarrými. Hjúkrunarrýmin skiptast í einbýli og tvíbýli, um 84% allra hjúkrunarrými á Suðurlandi eru einbýli en 16% eru enn starfræk sem tvíbýli.



Staða faglærðra starfsmanna hjúkrunarheimila

Ef litið er til fjölda hjúkrunarrýma á hvert stöðugildi hjúkrunarfræðings á hverjum stað er staðan ólík eftir heimilum. Allt frá 1,3 og upp í 13,2 hjúkrunarrými eru á hvern hjúkrunarfræðing. Fjöldi hjúkrunarrýma eru allt frá 1,6 til 10 hjúkrunarrými á hvert stöðugildi sjúkraliða. Verða aðstæður að teljast mjög ólíkar innan svæðisins og má þá sérstaklega nefna ólíkar aðstæður fyrir þau heimili sem eru innan heilbrigðisstofnanna, eins og á Selfossi og í Vestmannaeyjum. Á þeim stöðum er hjúkrunarfræðingur á vakt allan sólarhringinn. Á öðrum heimilum eru hjúkrunarfræðingar á bakvöktum á næturnar og sums staðar einnig á kvöldin.

Þörf á endurbótum og nýbyggingum

Þörf er á endurbótum á hjúkrunarheimilum á Suðurlandi. Frá 2018 hafa fimm hjúkrunarheimili á Suðurlandi sótt um og fengið úthlutað úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Þá hefur verið samþykkt tillaga að nýbyggingu á Ási í Hveragerði, endurbótum og nýbyggingu við Skjólgarð á Höfn og nýtt hjúkrunarheimili hefur verið tekið í notkun á Selfossi. Mikil þörf er þó ennþá fyrir endurbætur og/eða nýbyggingu á á Lundi.

Rekstrarstaða hjúkrunarheimila

Niðurstöður könnunar meðal forstöðumanna hjúkrunarheimila á Suðurlandi sýna að daggjöld ein og sér standa ekki undir rekstri heimilanna. Á tveimur hjúkrunarheimilum stendur rekstur undir sér en það er með miklu aðhaldi, og miðað við að ekkert sé gert í viðhaldi eða tækjakaupum. Flest hjúkrunarheimilin á Suðurlandi hafa verið rekin með töluverðum halla. Til að rekstur standi undir sér verður að greiða í samræmi við veitta þjónustu, fjárframlög verða að taka mið af fyrirbyggjandi rekstrarþörf, og framlög fyrir aukakostnaði verða að berast t.d. vegna vinnutímastyttingar.

Aðstæður heimila eftir svæðum

Sérstaða svæðisins í heild liggur helst í miklu dreifbýli þar sem heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta er hlutfallslega dýr miðað við mörg önnur landssvæði. Þetta á almennt við í Rangárvallasýslu, V- og A- Skaftafellssýslum og í uppsveitum Árnassýslu.

Árnassýsla

Í Árnassýslu eru fimm hjúkrunarheimili. Heimilið **Ás** er í Hveragerði með 43 hjúkrunarrými, 39 geðhjúkrunarrými og 40 dvalarrými, starfsemin er dreifð og þyrfti að komast undir sama þak. Mikil þörf er á endurbótum á heimilinu, þar sem 10 tvíbýli eru nú til staðar á heimilinu. Samþykkt hefur verið tillaga um að byggja nýtt 22 rúma hjúkrunarheimili sem Framkvæmdasýsla Ríkisins og Hveragerðisbær standa að. Með þessu verður aðstaða heimilisfólks bætt og tvíbýlum útrýmt. Gert er ráð fyrir að heimilið verði tilbúið til notkunar fyrri hluta árs 2023.

Afkoma Áss hefur verið neikvæð um samtals 33 m.kr. síðustu 2 ár. Inni í því er lágmarks viðhaldskostnaður húsnæðis en ekki hefur fengist eðlilegt endurgjald fyrir leigu Áss til að standa undir endurbótum húsnæðisins svo það uppfylli kröfur um hjúkrunarheimili. Til að rekstur standi undir sér þarf að greiða í samræmi við veitta þjónustu til einstaklingsins, en oft hefur Ás veitt meiri þjónustu til íbúa í dvalarrýmum en gerð er krafa um. Í þeim rýmum eru oft einstaklingar sem eru með gilt færni- og heilsumat og fá þjónustu samkvæmt því en fá ekki úthlutað formlegu hjúkrunarrými með tilheyrandi hækkun á greiðslum.

Bæta þarf aðbúnað heimilisfólks og starfsaðstæður starfsmanna. Til að nýta þau hjúkrunarrými sem möguleg eru og lágmarka veikindi hjá starfsmönnum, en algengt er að starfsfólk nýti veikindarétt sinn þar sem um líkamelega erfiða og slítandi vinnu er að ræða. Jafnframt þarf að ná upp launum starfsmanna með hærra endurgjaldi frá ríkinu og draga úr starfsmannaveiltu, en mikil samkeppni er um starfsfólk í þessari starfsstétt og virðist sem starfsmannahópar hjúkrunarheimila hafi setið eftir launalega m.v. sambærilega hópa hjá hinu opinbera. Á Ási eru 11,2 hjúkrunarrými á hvern hjúkrunarfræðing og 6,4 hjúkrunarrými á hvert stöðugildi sjúkraliða. Þar er vakt allan sólahringinn og alltaf a.m.k. einn hjúkrunarfræðingur á vakt á kvöldin og um helgar, en virka daga eru að lágmarki 3 hjúkrunarfræðingar á dagvakt. Á nóttinni er sjúkraliði á vakt og einn hjúkrunarfræðingur á bakvakt, þá er lækni á vakt alla daga frá 08:00-16:00 og frá 16:00-08:00 er bakvakt lækna frá Reykjavík.

Hjúkrunarheimilið **Sólvellir** er á Eyrarbakka, þar eru 10 hjúkrunarrými og 7 dvalarrými. Vel hefur gengið að reka heimilið, en um áramótin 2022-2023 mun hjúkrunarheimilið missa fjögur rými og verður þá reksturinn erfiðari. Rekstur Sólvalla hefur verið jákvæður síðustu tvö ár, en það hefur tekist með miklu aðhaldi. Staða faglærðra á heimilinu er þannig að 12 hjúkrunarrými eru á hvern hjúkrunarfræðing. Fjögur hjúkrunarrými eru á hvert stöðugildi sjúkraliða, en jafnframt eru tveir sjúkraliðanemar. Aðstæður starfsmanna eru ágætar. Vakt og bakvaktir eru allan sólahringinn. Þörf er á endurbótum á Sólvöllum. Breytingar eru fyrirhugaðar, þar sem stækka á þrjú herbergi og matsal, þá á að skipta um eldhúsinnréttingu og skipta um gólfefni á göngum og mála. Einnig á að snyrta og mála utandyra. Sótt hefur verið um styrk í Framkvæmdarsjóð aldraða.

Á **Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU)** á Selfossi eru 42 hjúkrunarrými en engin dvalarrými. Nú hefur verið í byggingu nýtt hjúkrunarheimili á Selfossi sem var afhent í mars 2022. Nýja heimilið hefur 60 hjúkrunarrými, sem gerir 102 hjúkrunarrými alls í rekstri HSU. En vert er að nefna að 40 af þessum 100 rýmum munu tímabundið vera nýtt fyrir íbúa af höfuðborgarsvæðinu. Sem þýðir að hjúkrunarrýmum í Árborg fjölga um 20 með opnun nýja hjúkrunarheimilisins. Svo að rekstur standi undir sér þurfa framlög á fjárlögum hvers árs að taka mið af fyrirbyggjandi rekstrarþörf sem byggir á áætlun sem samþykkt hefur verið af HRN. Framlög á árinu 2020 af fjárlögum voru töluvert lægri en

útlagður kostnaður. Þannig var í starfsþáttayfirliti í ársreikningi HSU fyrir árið 2020 (hluti af Ríkisreikningi 2020) um 166,7 m.kr. rekstrarhalli af hjúkrunarsviði, þó svo heildarafkoma HSU hafi verið jákvæð sem nam 191 m.kr. Staða faglærðra á Selfossi er 26%. 6,2 hjúkrunarrými eru á hvern hjúkrunarfræðing og 5 hjúkrunarrými á hvert stöðugildi sjúkraliða. Þörf er á endurbótum á hjúkrunarheimilinu.

Í Árnassýslu eru 59 einstaklingar á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum og 3 á biðlistum eftir dvalarrýmum.

Rangárvallasýsla

Í Rangárvallasýslu eru tvö hjúkrunar- og dvalarheimili, *Lundur á Hellu í Rangárþingi ytra og Kirkjuhovoll á Hvolsvelli í Rangárþingi eystra*. **Lundur** er fyrst og fremst hjúkrunarheimili og eru hjúkrunarrými þar 33 talsins, einungis einbýli. Aðstaða er fyrir lokaða heilabilunardeild en hún er ekki notuð sem slík. Lundur er rekin sem sjálfseignarstofnun en byggingin er í eigu Rangárþings ytra og Ásahrepps. Elsti hluti bygginganna er orðinn 40 ára og þarfnast endurbóta. Jafnframt vantar fjármagn vegna viðbyggingarinnar, en einungis kom fjármagn fyrir sjálfri byggingunni en ekki fyrir nauðsynlegum tækjum. Var það fjármagnað með yfirdrætti sem sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur greiddu upp um áramótin 2021-2022, en sú upphæð hljóðaði upp á 60 m.kr. í heildina. Lundur var rekinn með halla til ársins 2020. Almennur rekstur stendur undir sér, en þá er miðað við að ekkert sé gert í viðhaldi eða tækjakaupum. Lundur er með 2,5 stöðugildi hjúkrunarfræðinga og 0,7 stöðugildi hjúkrunarforstjóra sem telst ekki með hjúkrunarfræðingum í klínískri vinnu. Það telja því 13,2 hjúkrunarrými fyrir hvert stöðugildi hjúkrunarfræðings í klínískri vinnu. Stöðugildi sjúkraliða er 9,8 svo það eru 3,3 hjúkrunarrými á hvert stöðugildi sjúkraliða. Mikið álag hefur verið á starfsmönnum vegna Covid og mikið er um að starfsfólk þurfi að vinna aukavaktir. Ekki er vakt allan sólahringinn en hjúkrunarfræðingar eru á bakvöktum, á kvöldin, næturnar og um helgar.

Á **Kirkjuhovoli** á Hvolsvelli eru 30 hjúkrunarrými, 1 dvalarrými og 3 tímabundin biðrymi frá LSH. Sótt var um í Framkvæmdarsjóð aldraða 2021 sem var samþykkt fyrir endurnýjun á brunavarnarkerfis. Hjúkrunarheimilið hefur verið rekið með tæpum 17 m.kr. halla árið 2019 og 38 m.kr. halla árið 2020. Það stefnir í betri niðurstöðu árið 2021 sem skýrist af auknum tekjum vegna tímabundinna rýma til að létta á fráflæðisvanda Landsspítala og vegna uppgjörs TR vegna COVID kostnaðar. Verið var að leggja lokahönd á ársreikninginn við gerð skýrslunnar. Kirkjuhovoll er eign Rangárþings eystra og rekið á eigin kennitölu. Það eru engin tvíbýli á heimilinu. Þörf er á plássi fyrir heilabilaða og heilabilunardeild á Kirkjuhovoli þar sem ekki er viðunandi aðstaða fyrir heilabilaða einstaklinga á heimilinu. Það eru 8 hjúkrunarrými á hvern hjúkrunarfræðing og 10 hjúkrunarrými á hvert stöðugildi sjúkraliða.

Í Rangárvallasýslu eru 18 á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum og 5 á biðlistum eftir dvalarrýmum.

Vestmannaeyjar

Í Vestmannaeyjum er rekið hjúkrunar- og dvalarheimilið **Hraunbúðir**. Þar eru 32 hjúkrunarrými og 3 dvalarrými. HSU tók við rekstri hjúkrunarheimilisins vorið 2021. Í janúar 2022 var greint frá fyrirhuguðum framkvæmdum við skiptingu Hraunbúða milli hjúkrunarheimilis, sem HSU rekur, og dagdvalarþjónustu sem Vestmanneyjabær annast rekstur á. Vestmanneyjabær og HSU hafa átt samtal um framkvæmdirnar og voru aðilar sammála um að hefja framkvæmdir strax. Fyrir utan Hraunbúðir eru 9 hjúkrunarrými á heilbrigðisstofnuninni. Deild og/eða rými er fyrir heilabilaða á Hraunbúðum og er aðstaðan þar mjög góð. Aðstaðan er ekki fyrir hendi á heilbrigðisstofnuninni. Staða faglærðra starfsmanna á Hraunbúðum er 45% en 89% á heilbrigðisstofnuninni. Á Hraunbúðum eru 10,9 hjúkrunarrými á hvern hjúkrunarfræðing og 3,9 hjúkrunarrými á hvert stöðugildi sjúkraliða. Á

heilbrigðisstofnuninni eru 1,3 hjúkrunarrými á hvern hjúkrunarfræðing og 1,63 hjúkrunarrými á hvert stöðugildi sjúkraliða. Mikil þörf er á endurbótum bæði á Hraunbúðum og á heilbrigðisstofnuninni.

Í Vestmannaeyjum eru 12 einstaklingar á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum og 2 á biðlistum eftir dvalarrýmum.

Vestur-Skaftafellssýsla

Á Kirkjubæjarklaustri er heimilið **Klausturshólar**. Þar eru 17 hjúkrunarrými og 2 dvalarrými. Rekstur hefur staðið undir sér, en mikil þörf er á endurbótum á húsnæði. Til stóð að sækja um í Framkvæmdasjóð aldraða fyrir endurbótum vegna eldvarna og loftræstinga skv. 129. fundargerð Rekstrarnefndar hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla.²

Bæta mætti rekstrarstöðu hjúkrunarheimilisins ef hægt væri að nota öll herbergi sem eru til staðar, en þau eru 20 alls. Hjón vilja oftast vera saman í herbergi, sem þýðir að oft eru 2-4 herbergi ónýtt. Allir íbúar eru í einbýli með eigin baðherbergi. Á heimilinu starfa tveir hjúkrunarfræðingar og tveir sjúkraliðar í fullu starfi og einn sjúkraliði í 89% starfi. Það er vakt allan sólahringinn og bakvaktir þegar hjúkrunarfræðingar eru ekki á staðnum frá 16:00-08:00. Nokkur þörf er á endurbótum, það er verið að gera upp herbergin, laga baðherbergin og leggja nýja gólfduka. Þörf er á nýju loftræstikerfi, fleiri gluggum og þakskeggið er í slæmu ástandi.

Í Vík í Mýrdal er rekið hjúkrunarheimilið **Hjallatún**, þar eru 15 hjúkrunarrými og 1 dvalarrými. Ekki er til staðar sérstök deild fyrir heilabilaða. Mýrdalshreppur á og rekur Hjallatún með framlögum frá ríkinu. Engin tvíbýli eru til staðar.

Rekstur hjúkrunarheimilisins hefur verið erfiður síðustu ár, en afkoma var neikvæð 2019 og 2020. Árið 2021 virðist koma betur út, en má það vera vegna þess að framlög til heimilisins voru tímabundið hærra vegna Covid aukaframlaga. Einingaverð var tímabundið hærra sem nemur þeirri hækkun sem samningar kveða nú á um. Þá hefur einingaverð hækkað um tæp 11% frá 2021 en vinnutímastytting er talin kosta um 7%, en í nýju samningunum er ríkið að leggja til tæp 6% vegna vinnutímastyttingarinnar. Lenging orlofs sem tók gildi árið 2020 krefst einnig aukins mannafla og veldur auknum kostnaði. Þessi kostnaður kemur hvergi fram og ekki hefur verið komið til móts við hann í framlögum til hjúkrunarheimila.

Staða faglærðra er sú að einn hjúkrunarforstjóri er í 100%, en starfið er skilgreint sem 80% stjórnun og 20% hjúkrun. Hjúkrunarrýmin deilast niður á tvo hjúkrunarfræðinga sem eru samtals í 120% starfi. Sá sem er í 100% gengur vaktir aðra hvora helgi, hann hleypur einnig í skarðið ef það vantar á ganginn vegna veikinda. Þegar annar hjúkrunarfræðingurinn er í frí þá stendur sá sem er ekki í frí vaktir í mánuð, dagvaktir og bakvaktir, þar sem ekki hefur verið unnt að fá afleysingu. Erfitt hefur verið að fá sjúkraliða og stundum hafa engir verið til staðar. Eins og staðan er í dag er einn sjúkraliði í 54% starfi og tveir sjúkraliðanemar. Vegna skorts á sjúkraliðum hafa verið sér þjálfaðir vaktstjórar sem bera ábyrgð á hverri vakt.

Aðstæður starfsmanna eru óviðunandi, en vegna viðvarandi húsnæðisskorts hefur hjúkrunarheimilið þurft að útvega starfsfólki sínu húsnæði og býr því hópur starfsfólks saman í íbúð. Ekki er góð aðstaða fyrir starfsfólk á Hjallatúni, en þau hafa ekki sérstaka kaffistofu, né sturtu og aðeins er eitt starfsmannasalerni í húsinu. Mikil þörf er á endurbótum, húsnæðið stenst ekki þær nútíma kröfur varðandi aðbúnað og vinnuástöðu. Herbergin eru lítil og þröng, þó það séu salerni inn á flestum

²<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/%c3%9athlutanir%20%c3%bar%20Framkvsj.%20aldr.%202021.pdf>

herbergjum eru þau það lítil að erfitt er að aðstoða fólk þar inni. Húsnæðinu sjálfu hefur einnig verið illa haldið við að innan sem utan vegna stöðugs fjárskorts.

Í V-Skaftafellssýslu er einn einstaklingur á biðlista eftir hjúkrunarrými og einn á biðlista eftir dvalarrými.

Austur-Skaftafellssýsla

Á Höfn í Hornafirði hefur hjúkrunar- og dvalarheimilið **Skjólgarður** verið rekið samhliða heilbrigðisstofnuninni til ársins 2020 þegar rekstur Heilsugæslunnar á Höfn var færður yfir til HSU. Rekstur hjúkrunarheimilisins Skjólgarðs hefur undanfarin ár þungst verulega og mikill rekstrarvandi lenti á sveitarfélaginu. Talið er að rekstrarhalli hafi numið um 130 m.kr. árið 2020, sem ekki er hægt að leggja á sveitarfélagið því lögum samkvæmt á sá kostnaður að greiðast af ríkinu. Í febrúar 2021 var tilkynnt að Vigdísarholt ehf. myndi taka við rekstri Skjólgarðs og hefur félagið verið rekstraraðili Skjólgarðs frá 1. mars 2021. Rekstur heimilisins hefur verið í jafnvægi frá aðilaskiptum og í takt við rekstraráætlun þar sem af er á árinu 2022.^{3,4}

Á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði eru 27 hjúkrunarrými, þau voru 24 hjúkrunarrými og 6 dvalarrými en frá júní 2021 var dvalarrýmum breytt í hjúkrunarrými og dvalardeildinni lokað. Tveir einstaklingar deila að jafnaði hverju herbergi í hjúkrunarrýmum og telur einkarými einstaklings um 10 m², fer þetta gegn lögum um málefni aldraða nr. 125/1999 þar sem segir að gæta þurfi þess að stofnunin sé heimilisleg og að flestir íbúar hafi eigið herbergi. Aðeins eru tvö einbýli, en þar þurfa einstaklingar að deila baðherbergi. Þá þurfa íbúar að deila salerni með allt að 10 öðrum íbúum. Stærð einkarýma er eitt helsta vandamálið og kemur í veg fyrir góðan aðbúnað þeirra sem þar dvelja og umönnunaraðila þeirra sem þurfa að sinna íbúum við ófullnægjandi skilyrði.

Mikil þörf er á endurbótum á hjúkrunarheimilinu, það mætir ekki lengur þeirri þörf sem fyrir er í sveitarfélaginu, þá fullnægir það ekki nútíma viðmiðum um hjúkrunarheimili né vinnuástöðu. Framkvæmdir við viðbyggingu og endurbætur núverandi húsnæðis sem átti að vera komin af stað hefur dregist m.a. vegna tilboðs lang yfir kostnaðaráætlunar og er unnið að því að koma verkinu af stað. Ekki eru rými fyrir hendi til sjúkraþjálfunar, félagsstarfs og iðjuþjálfunar. Þá vantar einnig rými fyrir hjúkrunarvörur og hjálpartæki.


Sérstaða svæðisins felst einnig í löngum vegalengdum og miklu dreifbýli sem gerir heimahjúkrun og heimaþjónustu erfitt fyrir. Í A-Skaftafellssýslu er enginn á biðlista eftir hjúkrunarrými, og einn einstaklingur á biðlista eftir dvalarrými.

³ <https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/sveitarfelagid/frettasafn/hsu-tekur-vid-rekstri-heilbrigdisthjonustu-a-hofn>

⁴ <https://www.frettabladid.is/frettir/opinbert-hlutafelag-tekur-vid-rekstri-skjolgards-a-hornafirdi/>


Staða á biðlistum

Á Suðurlandi eru samtals 63 á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum og 10 eftir dvalarrýmum. Flestir eru biðlistum í Árnessýslu eða 59 einstaklingar, 18 einstaklingur í Rangárvallasýslu, 12 í Vestmannaeyjum, 1 í V-Skaftafellssýslu og enginn í A-Skaftafellssýslu. Það telur 90 manns, en sumir eru á biðlista á fleiri en einum stað.




Myndin sýnir samtals 90 á biðlista eftir hjúkrunarrýmum og 12 eftir dvalarrýmum. Mismunur skýrist af því að sumir eru á biðlista á fleiri en einum stað.

Ef skoðað er hlutfall íbúa sem eru 67 ára og eldri, sbr. myndin hér að neðan, má sjá að hæsta hlutfall þeirra sem eru á biðlista eftir hjúkrunarrými eru í Rangárvallasýslu eða tæp 3%. Þar á eftir er Árnessýsla með 2% íbúa og svo Vestmannaeyjar með 1,7%.



Myndin sýnir hlutfall íbúa 67 ára og eldri sem eru á biðlista eftir hjúkrunarrými eftir sýslum á Suðurlandi.




Fjöldi á biðlista eftir hjúkrunarrýmum á Suðurlandi, árið 2015 annars vegar og 2022 hins vegar.

Árið 2015 voru 28 á biðlista eftir hjúkrunarrýmum á Suðurlandi, í dag eru 63 á biðlista. Þetta gerir 125% fjölgun.


Þarfagreining

Íbúapróun á landinu öllu

Heildarfjöldi landsmanna taldi 398.792 við árslok 2021. Mannfjöldaspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að íbúar verði orðnir 407.289 árið 2025, sem var það ártal sem notast var við í fyrstu útgáfu skýrslunnar 2015. Ef lítið er til 2032 er gert ráð fyrir að fjöldi íbúa verði orðinn 423.389 eða 15% aukningu á mannfjölda. Er um að ræða miðspá Hagstofunnar um mannfjöldaþróun á árinu 2021 til ársins 2032.




Samkvæmt spá Hagstofunnar er gert ráð fyrir að á næstu 10 árum fjölgi í aldurshópnum 67 ára og eldri um 30%. Ákveðnir aldurshópar skera sig úr og er spáð fyrir um að fjölgun í aldurshópnum 75 til 79 ára verði 52% og fjölgun í hópnum 80+ ára verði á sama tíma 55%.




Íbúaþróun á Suðurlandi


Sunnlendingar voru 31.388 við árslok 2021. Nokkurt jafnvægi hefur verið milli aðfluttra og brottfluttra í landshlutanum en einhverjar sveiflur hafa verið milli ára í einstökum sveitarfélögum.

Aldurssamsetning sunnlendinga er þó frábrugðin landinu í heild. Meðalaldur íbúa er hærri og því hlutfallslega fleiri í aldurshópunum 67 ára og eldri á Suðurlandi en á landinu í heild. Það sama á við um þann aldurshóp sem mun ná 67 ára aldrinum á næstu 10 árum. Hlutfallslega hár aldur íbúa mun því hafa hlutfallslega meiri áhrif á áætlaða þörf á fjölda hjúkrunarrýma á Suðurlandi næstu áratuginna.



Fjöldi íbúa 67 ára og eldri á Suðurlandi hefur hækkað um 47% frá árinu 2015. Fjöldi hjúkrunarrýma hefur fækkað um 2 rými eða 0,7%. Augljóst er að mikil þörf er á breytingum.






Hjúkrunarrýmum á Suðurlandi hefur fækkað frá árinu 2015

Reiknuð vistunarþörf fyrir hjúkrunarrými í dag

Reiknuð vistunarþörf er metin sem fjöldi íbúa á hjúkrunarheimili að viðbættum þeim einstaklingum sem eru á biðlista eftir plássi á hjúkrunarheimili.



Núverandi eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum telur 356 rými, en í dag eru þau 258. Til að annast eftirspurn eftir rýmum þyrfti þeim að fjölga um 38%. Ætla má að mikil fjölgun verði á elstu íbúum landsins næstu áratuginum sem kallar á fleiri hjúkrunarrými. En það má hafa það í huga að nú til dags kýs fólk oft að búa lengur heima ef það hefur heilsu til og fá eftir atvikum heimaþjónustu eða aðra aðstoð sé hún í boði.

Viðauki

Stöðugreining hjúkrunarheimila á Suðurlandi 2015

Skýrsla unnin af Þórði Frey Sigurðssyni starfsmanni SASS og Unni Þormóðsdóttur sem sat í stjórn SASS var jafnframt formaður Færni- og heilsumatsnefndar heilbrigðisumdæmis Suðurlands. Skýrsluna má finna hér:



2015.pdf

Stöðugreining hjúkrunarheimila á Suðurlandi 2017

Uppfært stöðumat var unnið af Unni Þormóðsdóttur sem sat í stjórn SASS. Stöðumatið má finna hér:



2017.pdf